



Landsvirkjun

Orkuþing 2001

Stefán Pétursson

Fjármögnun og samkeppnishæfni íslensks raforkuiðnaðar

Landsvirkjun hefur starfað í samkeppnisumhverfi um áratuga skeið. Samkeppnin hefur að vísu verið afar takmörkuð á markaði með rafmagn til almenningsveitna enda að mestu verið í formi samkeppni við olú til húshitunar og reksturs fiskimjölsverksmiðja. Samkeppni hefur aftur á móti verið virk þar sem fyrirtækið starfar á alþjóðlegum markaði fyrir raforku til orkufreks iðnaðar. Á þessum markaði hefur Landsvirkjun náð góðum árangri eins og sjá má af hinni miklu uppbyggingu stóriðju hérlendis en nú er svo komið að um 65% af orkuframleiðslu Landsvirkjunar er seld til stóriðju.

Það er fyrst og fremst hagstætt orkuverð og langtímasamningar sem gera það að verkum að stóriðjufyrirtæki hafa áhuga á því að hefja rekstur hérlendis. Aðrir þættir svo sem stöðugt efnahagslíf og stjórn málalegt umhverfi, menntað vinnuafli og aðgangur að helstu mörkuðum hafa einnig veruleg áhrif.

Fram að þessu höfum við einkum nýtt vatnsafl til þess að fullnægja þörfum stóriðjuveranna. Eins og flestum er ljóst er það eðli vatnsaflsvirkjana að stofnkostnaður er mjög hár en rekstrarkostnaður lágur. Þá er líftími slíkra virkjana 80-100 ár. Vegna þessa hefur fjármagnskostnaður mjög mikil áhrif á kostnaðarverð raforku úr slíkum virkjunum.

Landsvirkjun hefur hingað til notið mjög góðra lánskjara á erlendum lánamörkuðum. Skýrist það meðal annars af því að fyrirtækið nýtur ábyrgðar eigenda sinna á lánum en ekki síður af mikilvægi fyrirtækisins í íslensku efnahagslífi á grundvelli leiðandi stöðu í framleiðslu og flutningi á raforku. Þykja þessir kostir vega upp á móti þeirri staðreynd að fyrirtækið er mjög skuldsett eftir hina hröðu uppbyggingu undanfarinna ára í samanburði við sambærileg fyrirtæki í nágrennalöndunum. Landsvirkjun er því í dag með sömu lánshæfis-einkunn og ríkið eða Aa3 frá Moody's og A+ frá Standard & Poor's.

Nú standa fyrir dyrum breytingar á raforkulögum. Líklegt er að opnað verði fyrir samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku en flutningur og dreifing verði einokunarstarfsemi sem hingað til. Það er mjög mikilvægt að metið verði hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar muni hafa á lánskjör Landsvirkjunar og aðgengi fyrirtækisins að lánsfé. Því hefur verið haldið fram að verkefnafjármögnun geti hæglega leyst af hólmi hefðbundna fjármögnun Landsvirkjunar á mannvirkjum sínum. Þetta er ekki á rökum reist. Hið sérstaka eðli vatnsaflsvirkjana, þ.e.a.s. langur líftími og hár stofnkostnaður gera það að verkum að verkefnafjármögnun hefur neikvæð áhrif á samkeppnishæfni þeirra. Verkefnafjármögnun er jafnan þannig að krafist er hærri vaxta en á hefðbundnum fyrirtækjalánum auk þess sem lánstími er almennt styttri. Því til viðbótar gera bankar sem lána í verkefnafjármögnun mjög strangar kröfur um ýmis fjármálahlutföll sem erfitt er að mæta þegar um vatnsafl er að ræða. Vegna þessa er mikilvægt með tilliti til samkeppnishæfni Landsvirkjunar á alþjóðlegum markaði að breytingarnar verði ekki til þess að veikja Landsvirkjun fjárhagslega eða tæknilega.

Það eru nokkrar leiðir færar sem geta stuðlað að markaðsvæðingu á orkumarkaði án þess að stefnt sé í hættu frekari uppbyggingu stóriðju hérlendis. Má í því sambandi nefna skiptingu Landsvirkjunar í framleiðslu og flutning undir einu móðurfélagi sem hefði með höndum fjármögnun fyrir bæði dótturfélögin. Slíkar leiðir ber að skoða náið.